

Þá greiði hann og innan sama tíma til sama sjóðs kr. 7190.00, upptækan ágóða.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum má framfylgja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. marz 1941.

Nr. 5/1941. Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna

(Theódór B. Lindal)

gegn

Stýrimannafélagi Íslands (Lárus Jóhannesson)

og

Tryggingarstofnun ríkisins

(Guðmundur I. Guðmundsson)

og

Stýrimannafélag Íslands

gegn

Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna

og

Tryggingastofnun ríkisins.

Frávísun vegna ólöglegar málasmsteypu. Krafa um greiðslu stríðsslysatryggingarfjár.

Dómur hæstaréttar.

Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. janúar þ. á., krefst sýknu af kröfum Stýrimannafélags Íslands. Enn fremur krefst Stríðstryggingafélagið málskostnaðar í hér-aði úr hendi Stýrimannafélagsins og málskostnaðar í hæstarétti in solidum úr hendi Stýrimannafélagsins og Tryggingastofnunar ríkisins. Stýrimannafélag Íslands, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 22. janúar þ. á. og stefnt hefur bæði Stríðstryggingafélagi íslanzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins, krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, til vara, að Tryggingastofnun ríkis-

ins verði dæmd til að greiða hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem í héraðsdómi segir, og til þrautavara, að Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins verði dæmd til greiðslu téðrar fjárhæðar í því hlutfalli, sem dómurinn telur hæfilegt. Svo krefst Stýrimannafélagið málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hinna stefndu aðilja eftir mati dómsins.

Tryggingastofnun ríkisins krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stýrimannafélag Íslands sækir í máli þessu Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins til greiðslu dánartryggingar samkvæmt tveimur tryggingarheimildum, sem eru hvor annari óháð. Eru kröfur Stýrimannafélagsins á hendur hvorum aðilja fyrir sig þannig ekki af sömu rót runnar, og verður því samkvæmt 47. gr. laga nr. 85/1936 að vísa varakröfu Stýrimannafélagsins og þrautavarakröfu á hendur Tryggingastofnun ríkisins frá héraðsdómi.

Telja verður, að myrkvun sú, er í máli þessu greinir, hafi verið styrjaldarráðstöfun, og að hún hafi verið meðvöld að slysinu. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdómsins um greiðslu dánartryggingar og málskostnaðar.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna að greiða Stýrimannafélagi Íslands 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, en með því að Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnun ríkisins hafa hvorugt stefnt hinu í héraði, vísast málskostnaðarkröfum þeirra hvors á hendur hinu frá dómi.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu dánartryggingar og málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiði Stýrimannafélagi Íslands kr. 500 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Kröfum Stýrimannafélags Íslands á hendur Tryggingastofnun ríkisins vísast frá héraðsdómi.

Málskostnaðarkröfum Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna og Tryggingastofnunar ríkisins hvors á hendur hinu vísast frá dómi.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 13. nóv. 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 4. f. m. af Stýrimannafélagi Íslands, hér í bæ, gegn Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna og (eða) Tryggingastofnun ríkisins (slysstryggingadeild), hér í bænum. Gerir stefnandi þær réttarkröfur *aðallega*, að hið stefnda Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna verði dæmt til að greiða sér kr. 18000.00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, *til vara*, að stefnd Tryggingastofnun ríkisins (slysstryggingadeild) verði dæmd til að greiða kröfur þessar, og *til þrautavara*, að stefnd verði bæði dæmd „til greiðslunnar í hlutfalli eftir mati réttarins.“

Aðalstefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. *Varastefnda* krefst einnig sýknu, en að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að þann 11. apríl s. l., um kl. 23.30, drukkn- aði Vilhjálmur Þorsteinsson, þáverandi 1. stýrimaður á e/s. Súðin í höfninni í bænum Runcorn á Englandi, þar sem skipið var þá statt. Hafði Vilhjálmur verið sendur í land í erindum skipsins, og urðu brytinn og hann síðan samferða á leiðinni til skips aftur. Höfnin var í algeru myrkri, vegna loftárásarhættu, svo að ekki sá handa skil, en ekki höfðu þeir félagar þó vasaljós með sér, eins og skipverja var vani. Skýrir brytinn svo frá, að þegar þeir hafi verið komnir niður í „dökkina“, hafi hann kallað til Vilhjálms, sem hafi verið litið eitt á undan, og spurt, hvort þeir ættu að halda lengra, þar sem hann væri alls ekki viss um að rata, og hvort ekki væri ráðleggra að biða þess, að einhver kæmi með ljós. Hafi Vilhjálmur þá svarað því til, að hann væri alveg öruggur með að rata, og skyldu þeir bara halda áfram. Í sömu svifum hafi hann gengið fram af „dökk“-brúninni, enda hafi ekki verið mögulegt að greina hana í myrkrinu. — Er skipverjar á e/s Súðin höfðu fengið vitneskju um slysið, brugðu þeir strax við til að reyna björgun, en án árangurs.

Vilhjálmur heitinn var tryggður gegn örorku og dauða af völd-

um stríðslys í Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna, skv. tryggingarskírteini dags. 28. marz s. l., og nam tryggingarupphæðin við dauða kr. 18000.00 Sömuleiðis var hann tryggður frjálsri tryggingu hjá slysaftryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn dauða og örorku af slysförum, er ekki stafa af stríðsorsökum, skv. vátryggingarskírteini dags. 5. jan. s. l., og nam tryggingarfjárhæðin sömu upphæð. Hefur ekkja Vilhjálms krafið bæði Stríðstryggingafélagið og Tryggingastofnunina um dánarbæturnar, en stefnd hafa ekki viljað inna þær af hendi, þótt þau hins vegar viðurkenni, að annað hvort þeirra muni eiga að greiða þær. Hefur því stefnandi, sem fengið hefur kröfuna framselda, höfðað mál þetta gegn stefndu og gert í því framangreindar réttarkröfur.

Því hefur verið lýst yfir af hinum stefndu, að þau byggi engar kröfur á því, að Vilhjálmur heitininn kynni að hafa fyrirgert bótarétti sínum fyrir vangæzlu. Ágreiningurinn í máli þessu snýst því um það eitt, hvort slysið, talið stafa af myrkvuninni, hafi orðið af stríðsorsökum eða eigi.

Í 1. gr. laga nr. 37 1940, um Stríðstryggingafélag íslenzkra skips-hafna, sem við á í þessu tilfelli, segir svo, að með stríðsslysum sé „átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgara-óeirða, þar sem vopnum er beitt.“ Og í 15. gr. reglugerðar þeirrar frá 1. marz s. l., sem sett var samkvæmt lögunum, sé slys, skv. 7. gr. reglugerðar frá 21. febr. 1939 um slysaftryggingar (skuldatryggingar) „og orsakast af hernaðarlegum aðgerðum í stríði eða borgara-óeirðum“ (sic).

Heldur aðalstefnda því fram, að myrkvun sú, er slysinu olli, verði ekki talin til hernaðarlegra aðgerða í skilningi laganna. Að vísu sé hér um óvenjulegar ráðstafanir að ræða, en þær séu kunnar öllum almenningi, sem beri að haga sér þar eftir.

Eins og málið er flutt skv. framansögðu, þykir þetta siðastnefnda atriði þó ekki hafa þýðingu hér, og þar sem rétturinn verður að líta á myrkvun vegna loftárásarhættu, eins og þá, er um ræðir í máli þessu, sem hernaðarlega varnarráðstöfun, þykir verða að telja framangreint slys stríðsslys, er aðalstefnda beri að bæta skv. áður-nefndum lögum og reglugerð. Þar af leiðir, að sýkna ber varastefnda, sem hafði undanþegið sig bótageiðslu fyrir slys af völdum stríðs eða stríðsundirbúnings.

Úrslit málsins verða því þau, að aðalstefnda verður dæmd til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð, með vöxtum eins og krafizt hefur verið, þar sem engum sérstökum andmælum hefur verið hreyft að því leyti. Einnig verður aðalstefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00. — Varastefnd verður sýknuð af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart henni fellur niður.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Ólafur Th. Sveinsson skipaskoðunarstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Þvi dæmist rétt vera:

Aðalstefnda, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiði stefnandanum, Stýrimannafélagi Íslands, kr. 18000.00, með 6% ársvöxtum frá 4. okt. 1940 til greiðsludags, og kr. 1000.00 í málskostnað.

Varastefnd, Tryggingastofnun ríkisins (slysatryggingadeild), á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart henni falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1941.

Nr. 50/1940. **Jóhanna Valentínusdóttir og Guðbrandur Sigurðsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Óskari Ingvarssyni og váttryggingarfélaginu Baltica (Sveinbjörn Jónsson).

Krafa um bætur vegna bifreiðaslyss.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí f. á. hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. s. m. krefjast þess, að stefndi Óskar Ingvarsson verði dæmdur til að greiða þeim kr. 11011.08 með 5% ársvöxtum frá 6. nóvember 1938 til greiðsludags. Svo krefjast þau og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi Óskar Ingvarsson krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á hendur váttryggingafélaginu Baltica hafa engar kröfur